Fyrir frekari upplýsingar, sjá **Hafist handa með LG webOS TV** → **Að stjórna þínum LG**

reikningi í Notendaleiðbeiningar.

Notkun Tilkynningar

⚙️ → ⓘ → **Almennt** → **Kerfi** → **Frekari stillingar** → **Tilkynningar**

Þú getur séð allar tilkynningar á sama tíma frá forritum sjónvarps og LG þjónustu. Þú getur skoðað og eytt hverju tilkynningarskilaboði. Fyrir tilkynningar sem styðja flýtleiðir getur þú farið beint til viðeigandi forrits eða vefsíðu.



- 1 Þú getur athugað nánari upplýsingar með því að velja viðkomandi atriði. Ef flýtleiðir eru studdar þá getur þú ræst forritið.
- 2 Þú getur eytt tilkynningum.
- 3 Lokar appinu.
Til að slökkva á að appið sé í gangi í bakgrunninum skaltu ýta á **•••** hnappinn á fjarstýringunni og veldu **Hætta í forriti**.

Heimastillingar

⚙️ → ⓘ → **Almennt** → **Kerfi** → **Frekari stillingar** → **Heimastillingar**

Kveikja á skjá

Þú getur valið hvað birtist á skjánum þegar slökkt er á sjónvarpinu.

Heimakynning

Þú getur kveikt eða slökkt á auglýsingum á heimaskjá.

Tillögur að efni

Þú getur fengið tillögur um efni á heimaskjánum.

- Stíllanleg atriði eru misjöfn eftir tegund sjónvarps.

Kynning á skjáhvílu

⚙️ → ⓘ → **Almennt** → **Kerfi** → **Frekari stillingar** → **Kynning á skjáhvílu**

Þú getur kveikt eða slökkt á auglýsingum sem birtast á skjáhvílu tiltekinna forrita. Stilling á **Slökkt** gerir þér kleift að slökkva á auglýsingum sem birtast á skjáhvílu.

Til að stilla orkumæli

⚙️ → ⓘ → **Almennt** → **Kerfi** → **Frekari stillingar** → **Biðstöðuljós**

Þú getur kveikt og slökkt á viðbragðsljósinu.

- Þjónusta gæti ekki verið tiltæk fyrir sumar tegundir.

Að stilla bendil Magic Remote

⚙️ → ⓘ → **Almennt** → **Kerfi** → **Frekari stillingar** → **Valkostir bendils**

Þú getur stillt hraða og stærð bendils á meðan hann er á skjánum.

Eltihraði

Stillir hraða bendils.

Stærð bendils

Velur stærð bendils.

Auglýsing

⚙️ → ⓘ → **Almennt** → **Kerfi** → **Frekari stillingar** → **Auglýsing**

Ef sjónvarpið er tengt netinu, gæti WebOS notað tíðni vafraköku til að fylgjast með þeim fjölda sem auglýsing er sýnd í þínu sjónvarpi.

Þessar upplýsingar eru notaðar til að takmarka það að sömu auglýsingarnar séu sýndar. Þú getur hreinsað þessa vafraköku eða kveikt eða slökkt á henni hvenær sem er með því að fara yfir á **Auglýsing** stillingarnar á sjónvarpi þínu.

Engar persónulegar upplýsingar eru tengdar þessari vafraköku.

- Þjónusta gæti ekki verið tiltæk fyrir sumar tegundir.

Stilla auðkenni

⚙️ → ⓘ → **Almennt** → **Kerfi** → **Frekari stillingar** → **Stilla auðkenni**

Hægt er að stilla númer (auðkenni) til að stjórna mörgum sjónvörpum.

- Þessi eiginleiki er fyrir stjórnendur. Ekki ráðlagt fyrir notkun í venjulegu heimilisumhverfi.

Endurstillir sjálfgildar stillingar

⚙️ → ⓘ → **Almennt** → **Kerfi** → **Endurstilla í upphaflegar stillingar**

Setur sjónvarpið aftur í upphafsstillingar. Þetta mun færa allar stillingar yfir í þeirra sjálfgildi.

Sjónvarpið mun kveikja og slökkva á sér sjálfkrafa eftir endurstillingu.

- Ef **Öryggi** er stillt á **Kveikt**, ættir þú að skrá inn lykilorðið í **Endurstilla í upphaflegar stillingar**.
- Ekki slökkva á rafmagninu þegar frumstilling á sér stað.
- Við ráðleggjum að þú endurstillir sjónvarpið á **Endurstilla í upphaflegar stillingar** áður en þú selur það eða flytur það til þriðja aðila.

Aðgengileiki

Til að nota Hljóðvísi

⚙️ → ⓘ → **Almennt** → **Aðgengileiki** → **Hljóðleiðsögn**

Ef **Hljóðleiðsögn** er stilltur á **Kveikt**, verða hljóðvísar útvegaðir við ýmsar aðstæður, líkt og þegar þú skiptir um dagskrá, breytir hljóðstyrk og breytir stillingum og inntaksmerkjum.

Hraði

Fínstilla hraða talvísis.

Hljóðstyrkur

Fínstilla hljóðstyrk talvísis.

Tónhæð

Fínstilla tón talvísis.

- Þessi eiginleiki er eingöngu fáanlegur á ákveðnum tungumálum.
- Þjónusta gæti ekki verið tiltæk fyrir sumar tegundir.
- Stíllanleg atriði eru misjöfn eftir tegund sjónvarps.
- Fyrir sjónskerta notendur.
- Að stilla **Hljóðleiðsögn** á **Kveikt** stillir einnig sjálfkrafa **Hljóð aflgjafa sjónvarps** (aðeins fáanlegt á ákveðnum gerðum) á **Kveikt**.

Breytir valmynd yfir í há-birtuskila skjá

⚙️ → ⓘ → **Almennt** → **Aðgengileiki** → **Há birtuskil**

Þegar þessi eiginleiki er stilltur á **Kveikt**, mun það stilla bakgrunn nokkurra valmynda á skjánum og lit leturgerða til að undirstrika muninn á milli björtu og dimmu svæðanna.

Gráskali

⚙️ → ⓘ → **Almennt** → **Aðgengileiki** → **Gráskali**

Breyttu lit valmyndarinnar á skjánum í svarthvítan tón til að fá mikla skerpu í hana. Stilla á **Kveikt**.

Umsnúa litum

⚙️ → ⓘ → **Almennt** → **Aðgengileiki** → **Umsnúa litum**

Til að bæta sýnileika valmynda á skjánum, getur þú umsnúið og kvarðað ákveðna liti í sumum valmyndum. Stilla á **Kveikt**.

Að stilla Texta

⚙️ → ⓘ → **Almennt** → **Aðgengileiki** → **Texti**

Sjá texta þegar sjónvarpsstöð útvegar textaða dagskrá.
Breyttu **Texti** yfir í **Kveikt** og veldu stillingar skýringartexta.

- Þjónusta gæti ekki verið tiltæk fyrir sumar tegundir.
- Þetta á við stafræna útsendingu.

Valmynd fyrir sjónskerta

⚙️ → ⓘ → **Almennt** → **Aðgengileiki** → **Hljóðlýsing**

Efnið á skjánum mun verða raddlýst fyrir áhorfendur sem eru sjónskertir.

Þú getur notað þennan eiginleika ef að útsendingarfyrirtækið styður við **Hljóðlýsing** fyrir sjónskerta.

- Þjónusta gæti ekki verið tiltæk fyrir sumar tegundir.

Tegund hljóðs

⚙️ → ⓘ → **Almennt** → **Aðgengileiki** → **Tegund hljóðs**

Hljóðlýsing eða texti er útvegað fyrir þá sem eru heyrnarskertir eða sjónskertir.

Venjuleg

Velur sjálfgilt hljóð.

Hljóðlýsing

Fyrir þá sem eru sjónskertir, veljið sjálfgefið hljóð ásamt Hljóðlýsingu fyrir sjónskerta.

Talaður texti

Fyrir sjónskerta, veljið eingöngu Hljóðlýsingu fyrir sjónskerta.

Allt viðbótarhljóð

Sýnir allt viðbótar hljóð.

- Þjónusta gæti ekki verið tiltæk fyrir sumar tegundir.

Til að stilla á Heyrnaskert

01 Ýttu á ⚙️ hnappinn á fjarstýringunni.

02 Veljið ⓘ → **Almennt** → **Aðgengileiki**.

03 Stilla **Texti** á **Kveikt**.

04 Stilla **Heyrnarskertir** á **Kveikt**.

Boðið verður upp á texta fyrir heyrnarskerta.

- Þegar **Heyrnarskertir** er stillt á **Kveikt**, þá fær hann forgang yfir venjulegan texta.
- Þjónusta gæti ekki verið tiltæk fyrir sumar tegundir.

Stuðningur

Hugbúnaðaruppfærsla

⚙️ → ⓘ → **Stuðningur** → **Hugbúnaðaruppfærsla**

Notar hugbúnaðaruppfærslu til að athuga og sækja nýjustu útgáfuna.

Sjálfvirk uppfærsla

Þegar það er stillt á **Kveikt** eru uppfærslur gerðar sjálfkrafa án sérstakrar staðfestingaraðferðar nema fyrir mikilvægar uppfærslur.

Athuga með uppfærslur

Þú getur eingöngu framkvæmt uppfærslu ef uppfærsluskrá útgáfu er til staðar, þegar þú athugar hvort að ný útgáfa er til staðar. Sjónvarpið athugar sjálfkrafa hugbúnaðarútgáfuna en þú getur framkvæmt handvirka athugun, ef nauðsynlegt þykir.

- Stillanleg atriði eru misjöfn eftir tegund sjónvarps.
- Hægt er að nálgast nýjustu útgáfu í gegnum stafræna útsendingu eða nettengingu.
- Að breyta um dagskrá á meðan verið er að niðurrhala hugbúnaði í gegnum stafrænt útsendingarmerki mun trufla niðurrhalið. Niðurrhalið mun halda áfram þegar farið er aftur á upphafsdagskrá.
- Ef hugbúnaður er ekki uppfærður, geta sumir eiginleikar ekki virkað almennilega.
- Í sumum löndum, **Sjálfvirk uppfærsla** er ekki sýnt ef þú ert ekki tengdur við internetið.
- Tækið þitt mun af og til þurfa að hala niður og setja upp hugbúnaðaruppfærslur til að viðhalda hámarks virkni. Á meðan hugbúnaður er uppfærður gæti slokknað á skjá tækis þíns, ef engin notendasamskipti hafa átt sér stað innan 4 klukkustunda, en tækið mun ekki fara í viðbragðsham fyrr en uppsetningu er lokið. Þetta getur leitt til aukinnar orkunotkunar á meðan hugbúnaðaruppfærsla stendur yfir.

Að nota orkusparnað eiginleikann

⚙️ → ⓘ → **Stuðningur** → **Orkusparnaður**

Minnkar orkunotkun með því stilla birtustig skjás.

Orkusparnaðarskref

Sjálfvirkt : Nemi sjónvarpsins skynjar lýsingu í umhverfinu og stillir sjálfkrafa birtustig skjásins.

- Þjónusta gæti ekki verið tiltæk fyrir sumar tegundir.

Slökkt : Slekkur á **Orkusparnaðarskref**.

Lágmark / Meðal / Hámark : Virkja orkusparnað samkvæmt: **Orkusparnaðarskref** sem er stillt í sjónvarpinu.

Lágmarksbirta

Hægt er að stilla hversu dimmur skjárinn er þegar **Orkusparnaðarskref** er stillt á **Sjálfvirk**.

Slökkva sjálfvirk

Þegar kveikt er á sjónvarpinu slokknar það sjálfkrafa ef þú ýtir ekki á neinn hnapp innan tiltekins tíma.

- Þjónusta gæti ekki verið tiltæk fyrir sumar tegundir.

Skjár af

Slökkt er á skjánum og hljóð er eingöngu spilað.

Ýttu á einhvern hnapp nema orku- og hljóðstyrkshnappa til að kveikja aftur á skjánum.

- Ef þú notar **Orkusparnaðarskref** eiginleikann, hefur það áhrif á birtustig sjónvarpsins.

Sjálfgreining skjás

⚙️ → ⓘ → **Stuðningur** → **Sjálfgreining skjás**

Eftir að hafa keyrt prófun til að staðfesta að myndmerkið sendist rétt, getur þú valið hvort það sé óeðlilegt á skjánum.

Ef það eru engin vandamál með prófun, athugaðu tengd ytri tæki eða útsendingarmerkið.

Sjálfgreining hljóðs

⚙️ → ⓘ → **Stuðningur** → **Sjálfgreining hljóðs**

Keyra Hljóðprófun til að athuga hvort úttak hljóðmerkis er eðlilegt, og veljið svo hvort að villa sé til staðar.

Ef það eru engin vandamál með prófun, athugaðu tengd ytri tæki eða útsendingarmerkið.

Persónuvernd & skilmálar

⚙️ → ⓘ → **Stuðningur** → **Persónuvernd & skilmálar**

Notendaskilmálar

Þetta eru persónuverndarskilmálar fyrir notkun þjónustu tengdum snjallsjónvörpum.

Tilkynning um lagaleg atriði

Þetta er lagalegur fyrirvari fyrir þjónustu gegnum sjónvarp.

Tilkynning um opinn hugbúnað

Þú getur skoðað leiðbeiningar fyrir hvern hlut.

Bilanagreining

Framkvæmdu athugun með Flýti hjálpi

Framkvæmdu athugun með **Flýti hjálpi**

Þegar sjónvarpið bilar þá getur þú fengið hjálpið til að leysa vandamálið.

Ýttu á ⚙️ hnappinn á fjarstýringunni og veldu ⓘ → **Stuðningur** → **Flýti hjálpi**.

Þú getur líka ýtt lengi á hnappinn með tölunni **9** á fjarstýringunni til að keyra **Flýti hjálpi**.

Stillingar bestunar

Þú getur athugað sjálfvirk stöðu sjónvarpsins og skoðað og breytt ráðlögðum stillingargildum.

Athuga hluti

Veldu atriðið sem veldur vanda og þú getur fengið hjálpið við að leysa vandamálið.

- **Sjálfsgreining sjónvarpsstillinga** : Veljið það efni sem passar við einkennin til að finna leiðbeiningar sem geta aðstoðað þig við að leysa vandamálið.

- **Athugaðu stöðu sjónvarpsins** : Þú getur athugað núverandi ástand sjónvarps þíns fyrir hið valda efni.

LG fjarþjónusta

Þú getur fengið hjálp með bilanaleit með fjarstýringunni.

Fyrir **LG fjarþjónusta**, gakktu úr skugga um að hafa samband við þjónustumiðstöð LG Electronics.

- Þessi eiginleiki er hugsanlega ekki í boði í sumum löndum eða sjónvarpsmódelum.
- Þegar það er ekkert tengt efni í **Flýti hjálp**, vinsamlegast sjáðu **Bilanagreining** í **Notendaleiðbeiningar**.
- Vinsamlegast hafðu samband við þjónustumiðstöð okkar, ef þér hefur enn ekki tekist að leysa vandamálið.

Úrræðaleit fyrir vandamál með afl/fjarstýringu

Úrræðaleit fyrir vandamál með afl/fjarstýringu

Ef eitthvert af neðangreindum vandamálum koma upp á meðan varan er í notkun, vinsamlegast athugaðu eftirfarandi: Það gætu verið engin vandamál með vöruna.





 Ég get ekki kveikt á sjónvarpinu.

- Vinsamlegast gættu þess að orkukapall sjónvarpsins sé rétt tengdur við innstunguna.
- Ef þú ert að nota fjöltengi, athugaðu hvort að það virki almennilega. Til að athuga hvort að orkustykki virki almennilega, stingdu orkukapli sjónvarpsins beint í vegginnstungu og fylgstu með starfseminni.
- Reyndu að kveikja á með því að ýta á hnappinn á sjónvarpinu.

 Kveikt er á aflinu en það kviknar seinna á skjánum.

- Þetta er vegna þess að það er ferli sem fjarlægir hljóð til að eyða öllu mögulegu hljóði sem gæti komið þegar verið er að kveikja á. Þetta þýðir ekki að varan sé gölluð.

Bendill Magic Remote fjarstýringarinnar birtist ekki á skjánum.

- Beindu fjarstýringunni í átt að sjónvarpinu og ýttu á  og  samtímis í meira en 5 sekúndur þar til leiðbeiningar birtast. Hin áður skráða fjarstýring er afskráð og síðan skráð á ný.
- Skiptu um rafhlöður þegar þú ert beðin(n) um það á sjónvarpskjánum. (Notið alkalí rafhlöður.)
- Ef að  →  → **Almennt** → **Aðgengileiki** → **Hljóðleiðsögn** er stillt á **Kveikt**, mun bendill Magic Remote ekki birtast. Stilla **Hljóðleiðsögn** á **Slökkt**. (Þjónusta gæti ekki verið tiltæk fyrir sumar tegundir.)

Ég get ekki kveikt á sjónvarpinu með fjarstýringunni.

- Vinsamlegast gættu þess að orkukapall sjónvarpsins sé rétt tengdur við innstunguna.
- Skiptu um rafhlöður í fjarstýringunni. (Notið alkalí rafhlöður.)
- Athugaðu hvort það er einhver hlutur sem hindrar merkið fyrir framan móttakara sjónvarpsfjarstýringarinnar. Ef hindrun eins og hljóðkerfi er fyrir framan móttakarann neðst á sjónvarpinu gæti greining innrauða geislans ekki virkað rétt.

Rafmagn fer af skyndilega.

- Athugaðu hvort stillt sé á **Slökkva á tímastilli**.
- Sjónvarpið mun sjálfkrafa slökkva á sér ef þú ýtir ekki á neina hnappa í 4 tíma, jafnvel eftir að kveikt var á sjónvarpinu á stilltum tíma af **Áminning** eða **Kveikja á tímastilli**.
- Það eru einnig líkur á að innri vörn fyrir rafrásarbúnað hafi virkjast vegna þess að innra hitastig vörunnar hafi risið skyndilega eða óhóflega.

Ég get ekki kveikt á eða notað tækið með fjarstýringunni, jafnvel eftir að búið er að stilla universal fjarstýringu.

- Gakktu úr skugga um að tækið sé í sambandi við rafmagn.
- Skiptu um rafhlöður í fjarstýringunni. (Notið alkalí rafhlöður.)
- Athugaðu hvort það eru einhverjir hlutir sem hindra merkið fyrir framan móttakara fjarstýringar tengda tækisins.

Úrræðaleit fyrir vandamál með skjá

Úrræðaleit fyrir vandamál með skjá


Ef eitthvert af neðangreindum vandamálum koma upp á meðan varan er í notkun, vinsamlegast athugaðu eftirfarandi: Það gætu verið engin vandamál með vöruna.

Fyrst skaltu framkvæma  →  → **Stuðningur** → **Sjálfgreining skjás** til að athuga hvort einhver frábrigði eru í sjónvarpinu.



Ef þú notar netlykil, slökktu á honum og kveiktu síðan aftur.

Gættu þess að netlykillinn sé rétt tengdur við sjónvarpið þitt.

 Hér segir að ekkert merki sé á skjánum.

- Athugaðu hvort að samása kapallinn eða kapallinn sem tengdur er við utanáliggjandi tæki sé almennilega tengdur við sjónvarpið.
- Farðu á  til að velja það inntak sem er tengt.
- Athugaðu hvort kveikt sé á utanáliggjandi tækjum, líkt og netlykli eða Blu-ray spilara.

 Ég get ekki séð suma dagskrá.

- Keyrir  →  → **Almennt** → **Stöðvar** → **Stöðvaleit (Stöðvaleit og stillingar)** → **Sjálfvirk leit**.
- Ef þú notar netlykil, hafðu samband við dreifingaraðila hans.

 Slökkt er á sendingu til skjásins.

- Farðu í  →  → **Mynd** og breyttu **Hæðarhlutfall**.

 Skjárinn hristist eftir að láréttar/lóðréttar línur og netmynstur birtast tímabundið.

- Tengid þráðlausa síma, hárpurrkur, rafmagnsborvélar, o.s.frv. við aðrar rafmagnsinnstungur. Vandamálið gæti verið tengt rafmagnstækjum sem nota hátíðni líkt og annað sjónvarp eða sterkar rafsegulmagnaðar uppsprettur sem eru í nágrenni.

 Hver rás hefur mismunandi myndgæði.



- Miðað við þá tegund myndskeiða sem útsendari býður upp á, gætu stöðvar haft mismunandi myndgæði.
- Ef þú notar netlykil, hafðu samband við dreifingaraðila hans.
- Keyrðu **Sjálfgreining skjás** fyrst. Ef það er venjulegt, gæti verið vandamál með

útsendingarmerkið.



 Það er munur á myndgæðum miðað við það sem séð er í verslun.


- Miðað við þá tegund af myndskeiðum sem útsendarar veita, gæti verið munur á þeim myndgæðum sem sýnd eru í versluninni.
- Keyrðu **Sjálfgreining skjás** fyrst. Ef það er venjulegt, gæti verið vandamál með útsendingarmerkið.



 Dagskrá í stafrænni útsendingu stöðvast eða skjárin slitnar.


- Þetta gerist þegar að merkið er veikt eða móttakan er óstöðug. Stilla stefnu loftnets eða athuga tengingu kapals.
-  →  → **Almennt** → **Stöðvar** → **Stöðvaleit (Stöðvaleit og stillingar)** → **Handvirk leit**
Ef styrkur merkis er of lítill í **Handvirk leit**, hafðu samband við útsendingarstöð eða skrifstofuna og biddu um að láta athuga það.
- Ef þú notar netlykil, hafðu samband við dreifingaraðila hans.

 Þegar HDMI inntak er notað birtist lóðrétt heil lína eða ógreinilegur litur á jöðrum skjásins.

-  →  → **Mynd** → **Hæðarhlutfall** → **Skanna eingöngu**
Stilla **Skanna eingöngu** á **Slökkt**.
Skanna eingöngu sýnir þér upprunalegu myndina eins og hún er. Ef merkið er veikt, gæti verið snjócoma á jöðrum skjásins.





 Ég sé ekkert, eða myndin heldur áfram að flökta þegar ég reyni að tengja HDMI kapalinn.

- Athuga hvort að HDMI[®] kapallinn þinn uppfylli tæknilýsingar. Þú gætir séð flökt eða auðan skjá ef að HDMI[®] kapallinn er gallaður (boginn, ónýtur).
- Gættu þess að kapallinn sé rétt tengdur við tengið. Slæm eða laus tenging getur valdið því að engin mynd birtist á skjánum.
- Ef þú notar UHD netlykil, stillið  →  → **Almennt** → **Tæki** → **HDMI stillingar** → **HDMI Deep Color**.


 Skjárin virkar of dimmur eða dökkur.

-  →  → **Mynd** → **Velja ham**

Víxla **Velja ham** til að finna þann myndham sem þú vilt. (**Venjulegt**, **Skært**, o.s.frv.)
Þetta á eingöngu við núverandi inntaksham.

-  →  → **Mynd** → **Ítarlegar stillingar** → **Birtustig** → **Hreyfinga-augnvernd**
Víxla **Hreyfinga-augnvernd** í **Slökkt**. Þetta á eingöngu við núverandi inntaksham.
-  →  → **Stuðningur** → **Orkusparnaður**
Víxla **Orkusparnaður** yfir í **Slökkt** eða **Lágmark**.
-  →  → **Mynd** → **Ítarlegar stillingar** → **Minnka blátt ljós**
Víxla **Minnka blátt ljós** í **Slökkt**.

 Myndin á skjánum er svarthvít eða sýnir furðulega liti.

- Athugaðu inntaksham eða kapaltengingu.
- Farðu á  til að velja það inntak sem er tengt.
- Þegar þú ert að tengja við **AV IN**, gættu þess þá að hver snúra passi við samsvarandi lit á tenginu.
- **AV IN** tengi er eingöngu fánlegt í ákveðnum tegundum.

 ULTRA HD myndskaið spilast ekki.

- Boðin berast ekki með sumum HDMI köplum.
- Breyttu stillingum þess tækis sem er tengt studds merkis.

Úrræðaleit fyrir vandamál með hljóð

Úrræðaleit fyrir vandamál með hljóð



Ef eitthvert af neðangreindum vandamálum koma upp á meðan varan er í notkun, vinsamlegast athugaðu eftirfarandi: Það gætu verið engin vandamál með vöruna.

Fyrst skaltu framkvæma  →  → **Stuðningur** → **Sjálfgreining hljóðs** til að athuga hvort einhver frábrigði eru í sjónvarpinu.



Ef þú notar netlykil, slökktu á honum og kveiktu síðan aftur.

Gættu þess að netlykillinn sé rétt tengdur við sjónvarpið þitt.



 Skjárin er finn, en hann spilar ekki neitt hljóð.

- Reyndu aðra dagskrá.
- Ef þú notar netlykil, heyrir þú ekkert hljóð ef þú hefur stillt hljóðstyrk netlykilsins eða sjónvarpsins á 0 eða virkjað Mute. Stilltu hljóðstyrkinn á viðeigandi stig.
-  →  → **Hljóð** → **Hljóð út**
Stilltu **Hljóð út** á **Optical Out tæki + sjónvarpshátalari** eða **Nota sjónvarpshátalara**, og athugaðu það svo einu sinni enn. Ef þú heyrir hljóð vandræðalaust skaltu athuga tenginguna við ytri hátalara eins og hátalarakerfi og stillingar ytri hátalara.



 Ekkert hljóð kemur frá einum hátalaranum.


-  →  → **Hljóð** → **Ítarlegar stillingar** → **Jöfnun**
Stilltu jafnvægið eins og nauðsynlegt þykir með leiðsöguhnappinum í **Jöfnun**.
- Þegar þú ert að tengja við **AV IN**, gættu þess þá að vinstri/hægri (hvít/rauð) hljóðsnúrurnar séu rétt tengdar. (**AV IN** tengi er eingöngu fánlegt í ákveðnum tegundum.)


 Hljóðið í sjónvarpinu er ekki samstillt við myndina, eða hljóðið brotnar stundum.

- Ef þetta gerist aðeins fyrir sumar dagskrár, gæti útsendingarmerkið frá útsendingarfyrirtækinu verið að valda því. Vinsamlegast fáðu þjónustuaðila útsendingar (snúru/kapal) til að greina vandamálið.
- Ef allar dagskrár eru ósamstilltar, farðu í  →  → **Hljóð** → **Samstill mynd og hljóð** og stilltu sæmræmið.
- Ef þú notar netlykil, hafðu samband við dreifingaraðila hans.

 Hljóðstyrkur breytist þegar ég skipti um dagskrá.



- Hljóðstyrkur frá mismunandi útsendingarstöðvum gæti verið breytilegur.
-  →  → **Hljóð** → **Ítarlegar stillingar** → **Sjálfvirk stilling hljóðstyrks**
Stilla **Sjálfvirk stilling hljóðstyrks** á **Kveikt**.
- Ef þú notar netlykil, hafðu samband við dreifingaraðila hans.

 Hljóðið virkar ekki eða eingöngu bakgrunnstónlistin spilast við sumar dagskrár. (Dagskrá framleidd til útflutnings frá útsendingarfyrirtækjum)


- Stilltu það tungumál sem þú vilt í  → **Tungumál hljóðs**.

Úrræðaleit fyrir vandamál með tölvutengingu

Úrræðaleit fyrir vandamál með tölvutengingu



Keyrðu **Mælaborð heimilis** með því að ýta á  hnappinn á fjarstýringunni. Veldu  → **Breyta** → **Breyta inntaki** ofarlega í hægra horni. Í breytingarhamnum, stilltu tákn HDMI tengils sem tengdur er við tölvuna á **Tölva** til að virkja stillingar myndhlutfalls sem eru samstilltar tölvunni.

Ef eitthvert af neðangreindum vandamálum koma upp á meðan varan er í notkun, vinsamlegast athugaðu eftirfarandi: Það gætu verið engin vandamál með vöruna.

 Skjárin er auður eftir að búið er að tengja við tölvu.

- Athugið hvort að tölvan sé almennilega tengd við sjónvarpið.
- Slökkvið á sjónvarpinu og kveikið aftur á því með fjarstýringunni.
- Endurstilla tölvuna þegar kveikt er á sjónvarpinu.
- Vertu viss um að upplausn úttaks stilltu á tölvunni sé stillt á HDMI-PC studda upplausn sjónvarpsins.
- Til að nota tvíþættan skjá, athugið hvort að tölvan styður við tvíþættan skjá ham.
- Endurtengja HDMI kapal.
- Ef þú hefur tengt RGB úttakstengi tölvu þinnar við **HDMI IN** á sjónvarpinu, þarft þú RGB til HDMI kyn.
Ekkert sést á skjánum ef þú notar HDMI til RGB kyn.

 Skjámyndin er ekki sýnd að fullu eða er skökk þegar tengt er við borðtölvu.

- Stillir upplausn tölvunnar á upplausn sem studd er af sjónvarpinu. Fyrir frekari upplýsingar, sjá **Vita um upplýsingarnar** → **Þjónustuð upplausn : HDMI-PC** í **Notendaleiðbeiningar**.
- Stillir nafn á tengdu HDMI tæki á tölvunni.
Keyrðu **Mælaborð heimilis** með því að ýta á  hnappinn á fjarstýringunni. Veldu  → **Breyta** → **Breyta inntaki** ofarlega í hægra horni. Breyttu tákni HDMI tengisins sem er tengt við **Inntök** til tölvu og veldu **Vista**.

 Hljóðið spilast ekki þegar tölvan er tengd með HDMI kapli.

- Farðu í Stjórnborð → Hljóð → Spilun → LGTV til að stilla sjálfgefið tæki frá stillingum tölvunnar.
- Hafðu samband við framleiðanda hvort að skjákortið þitt styðji við HDMI hljóðúttak.

Úrræðaleit fyrir vandamál með kvikmyndaspilun

Úrræðaleit fyrir vandamál með kvikmyndaspilun


Ef eitthvert af neðangreindum vandamálum koma upp á meðan varan er í notkun, vinsamlegast athugaðu eftirfarandi: Það gætu verið engin vandamál með vöruna. Nánari upplýsingar um studdar skrár er að finna í **Vita um upplýsingarnar → Studd snið á myndbandaskrá**m í **Notendaleiðbeiningar**.

 Ég finn ekki skrá í **Spilari**.

- Athugaðu hvort að tölvan geti lesið þær skrár sem vistaðar eru á USB geymslutækinu.
- Athugið hvort að nafnaukaskráin sé studd.
- Skiptu um síuna í **Allt**.

 Ég sé skilaboð sem segja að skráin sé ekki studd.


- Athugið hvort að skráin spili án vandamála á myndbandaspilaranum á tölvunni. (Athugið hvort að skrá sé skemmd.)
- Athugið hvort að nafnaukaskráin sé studd.
- Athugið hvort að upplausn sé studd.
- Athugið hvort að myndbandskóðarinn sé þjónustaður.
- Athugið hvort að rammatíðnin sé studd.

 Ég fæ skilaboð sem segja „Þetta hljóð er ekki stutt“ eða að myndbandið spilast eðlilega en hljóðið ekki.

- Athugið hvort að skráin spili án vandamála á myndbandaspilaranum á tölvunni. (Athugið hvort að skrá sé skemmd.)
- Athugið hvort að nafnaukaskráin sé studd.

- Athugið hvort að hljóðkóðarinn sé studdur.
- Athugið hvort að bitahraðinn sé studdur.
- Athugið hvort að úrtökutíðnin sé studd.
- Athugið hvort að fjöldi hljóðrásra sé studdur.

 Ég sé ekki textann.

- Athugið hvort að skráin spili án vandamála á myndbandaspilaranum á tölvunni. (Athugið hvort að skrá sé skemmd.)
- Athugið hvort að myndbands- og textaskráin hafi sama nafn.
- Athugið einnig hvort að myndbandsskráin og textaskráin séu í sömu möppu.
- Athugið hvort að snið textaskrár sé stutt.
- Athugið hvort að tungumál sé stutt.
(Þú getur athugað tungumál textaskrárnar með því að opna skrána í Notepad.)
- Ef kóðun texta er uppsett á rangan hátt, gæti textinn ekki birst almennilega. Ýttu á ▼ takkann á fjarstýringunni meðan á spilun myndbanda stendur. Veldu  og breyttu **Kóðasíða** gildinu.
- Ef þú spilar myndbandskrá sem geymd er á öðru tæki með því að nota efnisdeilingar eiginleikann, gætu textar ekki verið tiltækir á þeirri dagskrá sem þú notar.
- Texti er ekki studdur ef þú ert að spila myndband í gegnum NAS einingu. Hafðu samband við framleiðanda NAS.

 USB geymslutæki mitt er ekki viðurkennt þegar það er tengt.

- Athugaðu hvort að USB geymslutækið sé stutt af sjónvarpinu.
Fyrir frekari upplýsingar, sjá **Tengja ytri tæki → Að tengja USB** í **Notendaleiðbeiningar**.

Úrræðaleit fyrir vandamál með nettengingu

Úrræðaleit fyrir vandamál með nettengingu

Ef eitthvert af neðangreindum vandamálum koma upp á meðan varan er í notkun, vinsamlegast athugaðu eftirfarandi: Það gætu verið engin vandamál með vöruna. Athugaðu nafn og lykilorð Wi-Fi tækisins til að tengjast áður en þú tengist við þráðlaust net.

Þú getur athugað tengingu netkerfis eins og sýnt er hér að neðan.

-  →  → **Almennt** → **Netkerfi** → **Fasttenging (Ethernet)**
-  →  → **Almennt** → **Netkerfi** → **Wi-Fi tenging** → **Annað net** → **Ítarlegar Wi-Fi stillingar**



Þegar X birtist næst við sjónvarp

- Athuga sjónvarpið eða AP (Beini).
- Athugaðu stöðu tengingar á sjónvarpinu, AP (Beini) og kapalmótaldi.
- Slökkva á og kveikja á í eftirfarandi röð;
 1. Slökktu og kveiktu aftur á kapalmótaldi þínu, og bíddu eftir að tækið endurræsisist.
 2. Slökktu og kveiktu aftur á víruðum/þráðlausum beini þínum, og bíddu eftir að tækið endurræsisist.
 3. Slökktu og kveiktu á sjónvarpinu.
- Ef þú vilt tengjast LAN tengingu, athugaðu hvort að hægt sé að fá IP-tölu frá þínum beini á réttan hátt. Ef þú ert að setja upp netið handvirkt, athugaðu hvort allar stillingar séu réttar.
- Ef þú vilt setja upp þráðlaust net, athugaðu þá einnig eftirfarandi punkta.
 - ① Stilltu SSID þíns beinis (netheiti) eða þráðlausa rás.
 - ② Stilltu öryggisheiti þíns beinis.Ef þú getur ekki lokið þessari stillingu skaltu skoða notendahandbók beinisins og leiðbeiningarnar sem veittar eru af netþjónustuaðila þínum. Ef þú getur ekki enn komið á þinni grunnstillingu, ráðfærðu þig við framleiðanda þíns beinis eða netþjónustuaðila þinn.
- Ef þú ert að nota stöðuga IP-tölu, skráðu hana beint inn.



Þegar X birtist næst við Gátt

- Athugið AP (Beinin) eða hafið samband við netþjónustuaðila.
- Taktu kapal beinis/mótalds úr sambandi við rafmagn, bíddu í 10 sekúndur og endurtengdu hann.
- Frumstillu (Endurstilla) AP (Beini) fyrir kapalmótald.
- Athugið vefsvæði AP (Beinir) framleiðanda til að staðfesta að þinn beinir sé með nýjustu útgáfu fastbúnaðs uppsetta.
- Ef þú getur ekki lokið þessari stillingu skaltu skoða notendahandbók beinisins og leiðbeiningarnar sem veittar eru af netþjónustuaðila þínum. Ef þú getur ekki enn komið á þinni grunnstillingu, ráðfærðu þig við framleiðanda þíns beinis eða netþjónustuaðila þinn.




Pegar X birtist næst við DNS


- Athugið AP (Beinin) eða hafið samband við netþjónustuaðila.
- Taktu kapal beinis/mótalds úr sambandi við rafmagn, bíddu í 10 sekúndur og endurtengdu hann.
- Frumstillu (Endurstilla) AP (Beini) fyrir kapalmótald.
- Athugið hvort að MAC vistfangið á TV/AP (Beini) er skráð hjá þínum netþjónustuaðila. (MAC vistfangið sem sýnt er á rúðu á netstöðuglugganum ætti að vera skráð hjá þínum netþjónustuaðila.)
- Ef þú getur ekki lokið þessari stillingu skaltu skoða notendahandbók beinisins og leiðbeiningarnar sem veittar eru af netþjónustuaðila þínum. Ef þú getur ekki enn komið á þinni grunnstillingu, ráðfærðu þig við framleiðanda þíns beinis eða netþjónustuaðila þinn.

Úrræðaleit fyrir vandamál með LG-reikning

Úrræðaleit fyrir vandamál með LG-reikning

 Ég hef skráð mig sem meðlim gegnum sjónvarpið. Þarf ég að skrá mig aftur á vefsíðunni (www.lgappstv.com)?

- Þú getur notað vefsíðuna með þeim meðlimaupplýsingum sem þú notaðir við skráningu gegnum sjónvarpið.

 Ég gleymdi lykilorðinu mínu. Hvað ætti ég að gera?




- Veldu **GLEYMT LYKILORD?** á innskráningarskjá sjónvarpsins til að fara á lykilorðasíðuna. Sláðu inn netfangið þitt á lykilorðasíðuna og við sendum þér hlekk til að endurstilla lykilorðið.
 - Þú getur einnig endurstíllt þitt lykilorð á LG reikningi → Endurstilla lykilorð á vefnum (www.lgappstv.com).
- Í sumum löndum, gæti aðgangur að vefsvæðinu (www.lgappstv.com) verið takmarkaður.

Úrræðaleit fyrir vandamál með efni

Úrræðaleit fyrir vandamál með efni

Ef eitthvert af neðangreindum vandamálum koma upp á meðan varan er í notkun, vinsamlegast athugaðu eftirfarandi: Það gætu verið engin vandamál með vöruna.


 Ég get ekki séð neitt efni í HEIM.

- Þú gætir ekki séð efnið ef að stillingar þjónustulandsins hafa breyst. Breyta þjónustulandi sem þú ætlar að nota þjónustu frá í  →  → **Almennt** → **Kerfi** → **Staðsetning** → **Þjónustuland LG**.
(Þjónusta gæti ekki verið tiltæk fyrir sumar tegundir.)
- Ef þú sérð ekki sum forrit, gæti það verið vegna þess að þú eyddir þeim. Vinsamlegast settu aftur upp viðeigandi forrit.
- Ef forriti hefur verið eytt, getur þú niðurbætt forritinu hjá **Apps** og sett það upp á ný. Farið á  → **Apps** til að finna og setja upp það forrit sem þú vilt.
- Tegund efnis sem er stutt er breytilegt eftir löndum.
- Efnið sem boðið er upp á er háð breytingum eða truflunum frá þjónustuaðila.


Úrræðaleit fyrir vandamál með netvafra


Úrræðaleit fyrir vandamál með netvafra

Ef eitthvert af neðangreindum vandamálum koma upp á meðan varan er í notkun, vinsamlegast athugaðu eftirfarandi: Það gætu verið engin vandamál með vöruna.

 Sumir hlutir af ákveðnum vefsvæðum eru ekki sýnilegir þegar ég nota internetið.


- **Netvafri** styður eingöngu við HTML5 margmiðlun og ekki Flash íbót.
- **Netvafri** styður ekki uppsetningu með íbót (plug-in).
- Á **Netvafri**, er möguleiki að ekki sé hægt að spila margmiðlunarskrá í öðru sniði en : JPEG/PNG/GIF
- Þú getur vistað viðhengi eða myndir.

- Ef kveikt er á **Nota Block Ads** eiginleikanum, mun það svæði vefsíðu sem virðist sýna auglýsingu, virðast autt. Ef eitthvað innihald vefsíðu er falið og ósýnilegt, prófaðu að stilla  → **Stillingar** → **Nota Block Ads** á **Slökkt** í **Netvafri**. **Styrkt auglýsing** á síðu nýs flipa mun birtast jafnvel þó þú stillir **Nota Block Ads** eiginleikann á **Slökkt**.

 Netvafrinn slekkur sjálfkrafa á sér þegar ég heimsæki vefsvæði.

- Netvafrinn gæti verið neyddur til að slökkva á sér ef tiltækt minni er ekki nógu mikið til að rýma myndaupplýsingarnar frá vefsvæði. Athugaðu hvort þú getir nálgast síðuna með vandamálið í tölvunni þinni.

 Þegar horft er á myndband í **Netvafri**, er myndbandið þvingað af.

- Þú gætir lagað þetta með því að stilla  → **Stillingar** → **Aðlögunarstreymi sem notar JavaScript** yfir á **Slökkt** í **Netvafri**. Stillingin á ekki við þá flipa sem voru opnir áður en breyting var gerð, og á því eingöngu við þá flipa sem opnast eftir breytingar.

Vita um upplýsingarnar

Studd snið á myndaskrá

Studd snið á myndaskrá

Skráasnið	Snið	Upplausn
jpeg, jpg, jpe	JPEG	Lágmark : 64 × 64 Hámark Venjuleg tegund : 15360 (W) × 8640 (H) Framsækin tegund : 1920 (W) × 1440 (H)
png	PNG	Lágmark : 64 × 64 Hámark : 5760 (W) × 5760 (H)

bmp	BMP	Lágmark : 64 × 64 Hámark : 1920 (W) × 1080 (H)
-----	-----	---

Studd snið á myndbandaskrá

Studd snið á myndbandaskrá

Hámarks gagnaflutningshraði

- Myndband í fullu HD
H.264 1920 x 1080@60P BP/MP/HP@L4.2 Hámark 40Mbps
HEVC 1920 x 1080@60P Main/Main10@L4.1 Hámark 40Mbps
- ULTRA HD myndband (Aðeins ULTRA HD gerðir)
H.264 3840 × 2160@30P BP/MP/HP@L5.1 Maximum 50Mbps
HEVC 3840 x 2160@60P Main/Main10@L5.1 Hámark 60Mbps
- HFR myndband (Aðeins HFR þjónustugerðir)
HEVC 3840 x 2160@120P Main/Main10@L5.2 Hámark 60Mbps
- Dolby Vision video (Aðeins Dolby Vision þjónustugerðir)
HEVC 3840 x 2160@60P Main/Main10@L5.1 Hámark 50Mbps
- 8K myndband (Aðeins 8K gerðir)
AV1 7680 x 4320@60P
HEVC 7680 x 4320@60P Main/Main10@L6.1 Hámark 100Mbps

Studdir ytri textar

smi, srt, sub (MicroDVD, SubViewer 1.0/2.0), ass, ssa, txt (TMPlayer), psb (PowerDivX), dcs (DLP Cinema)

Innbyggð textasnið

Matroska (mkv) : Sub Station Alpha (SSA), Advanced Sub Station Alpha (ASS), SRT
MP4 : Tímasettur texti

Studdir myndbands kóðarar

Viðauki	Kóðari	
asf wmv	Myndband	VC-1 Ítarlegt snið (nema fyrir WMVA), VC-1 Einfalt og Almennt snið
	Hljóð	WMA staðlað (nema fyrir WMA v1/WMA tal)
avi	Myndband	Xvid (GMC er ekki stutt), H.264/AVC, Motion Jpeg, MPEG-4
	Hljóð	MPEG-1 Layer I, II, MPEG-1 Layer III (MP3), Dolby Digital, LPCM, ADPCM
mp4 m4v mov	Myndband	H.264/AVC, MPEG-4, HEVC, AV1
	Hljóð	Dolby Digital, Dolby Digital Plus, AAC, MPEG-1 Layer III (MP3), Dolby AC-4
3gp 3g2	Myndband	H.264/AVC, MPEG-4
	Hljóð	AAC, AMR-NB, AMR-WB
mkv	Myndband	MPEG-2, MPEG-4, H.264/AVC, VP8, VP9, HEVC, AV1
	Hljóð	Dolby Digital, Dolby Digital Plus, AAC, PCM, MPEG-1 Layer I, II, MPEG-1 Layer III (MP3)
ts trp tp mts	Myndband	H.264/AVC, MPEG-2, HEVC
	Hljóð	MPEG-1 Layer I, II, MPEG-1 Layer III (MP3), Dolby Digital, Dolby Digital Plus, AAC, PCM, Dolby AC-4
mpg mpeg dat	Myndband	MPEG-1, MPEG-2
	Hljóð	MPEG-1 Layer I, II, MPEG-1 Layer III (MP3)

vob	Myndband	MPEG-1, MPEG-2
	Hljóð	Dolby Digital, MPEG-1 Layer I, II, DVD-LPCM

- Dolby AC-4 : Þjónusta gæti ekki verið tiltæk fyrir sumar tegundir.

Aðgát vegna myndbandspilunar

- Sumir notenda-skapaðir textar gætu ekki virkað almennilega.
- Myndbandsskrá og textaskrá verða að vera í sömu möppu. Til að textar séu birtir á réttan hátt skal tryggja að myndbandsskráin og textaskráin hafi sama heiti.
- Textar á Network Attached Storage (NAS) tæki gætu ekki verið studdir miðað við framleiðanda og tegund.
- Straumar sem innihalda Global Motion Compensation (GMC) og Quarterpel Motion Estimation (Qpel) eru ekki studdir.
- ULTRA HD myndband (Aðeins ULTRA HD gerðir) : 3840 x 2160, 4096 x 2160
Sum HEVC-kóðuð ULTRA HD myndbönd, önnur en það efni sem opinberlega er útvegað af LG Electronics, gætu ekki spilast.
Sumir kóðarar styðja við hugbúnaðaruppfærslur.

Viðauki	Kóðari	
mkv/mp4/ts	Myndband	H.264/AVC, HEVC
	Hljóð	Dolby Digital, Dolby Digital Plus, AAC

- Eingöngu Windows Media Audio V7 og síðari uppfærslur eru studdar.
- AAC aðalsnið er ekki stutt.
- Ekki er hægt að spila myndbandaskrár sem skapaðar eru af sumum kóðurum.
- Sum myndbönd í öðru sniði en það sem tilgreint er, gæti ekki spilast almennilega.
- Myndbönd sem geymd eru á USB geymslutækjum sem styðja ekki Háhraða, gætu ekki spilast almennilega.

Studd snið á tónlistarskrám

Studd snið á tónlistarskrám

Skráasnið	Uppl.	
mp3	Bitahraði	32 kbps ~ 320 kbps
	Úrtökutiðni.	16 kHz ~ 48 kHz
	Þjónusta	MPEG-1, MPEG-2
	Stöðvar	einrása, tvírása
wav	Bitahraði	-
	Úrtökutiðni.	8 kHz ~ 96 kHz
	Þjónusta	PCM
	Stöðvar	einrása, tvírása
ogg	Bitahraði	64 kbps ~ 320 kbps
	Úrtökutiðni.	8 kHz ~ 48 kHz
	Þjónusta	Vorbis
	Stöðvar	einrása, tvírása
wma	Bitahraði	128 kbps ~ 320 kbps
	Úrtökutiðni.	8 kHz ~ 48 kHz

flac	Þjónusta	WMA
	Stöðvar	upp að 6 st
	Bitahraði	-
	Úrtökutíðni.	8 kHz ~ 96 kHz
	Þjónusta	FLAC
	Stöðvar	einrása, tvírása

- Fjöldi studdra dagskráa getur verið breytilegur eftir úrtökutíðni.

Þjónustuð upplausn : HDMI-DTV

Hamur sem styður HDMI-DTV

Upplausn	Lárétt tíðni (kHz)	Lóðrétt tíðni (Hz)
640 × 480p	31.46	59.94
	31.5	60
720 × 480p	31.46	59.94
	31.5	60
720 × 576p	31.25	50
1280 × 720p	37.5	50

	44.95	59.94
	45	60
1920 × 1080i	28.12	50
	33.71	59.94
	33.75	60
1920 × 1080p	26.97	23.97
	27	24
	28.12	25
	33.71	29.97
	33.75	30
	56.25	50
	67.43	59.94
	67.5	60
	112.5	100
	134.86	119.88
	135	120

3840 × 2160p	53.94	23.97
	54	24
	56.25	25
	67.43	29.97
	67.5	30
	112.5	50
	134.86	59.94
	135	60
3840 × 2160p ¹⁾	225	100
	269.73	119.88
	270	120
4096 × 2160p	53.94	23.97
	54	24
	56.25	25
	67.43	29.97
	67.5	30
	112.5	50

	134.86	59.94
	135	60
4096 × 2160p ¹⁾	225	100
	269.73	119.88
	270	120
7680 × 4320p ²⁾	107.89	23.97
	108	24
	110	25
	131.87	29.97
	132	30
	220	50
	263.74	59.94
	264	60

1) Þjónustað þegar **HDMI Deep Color** er stillt á **4K/8K**.

2) Þjónustað þegar **HDMI Deep Color** er stillt á **8K**.

Þjónustuð upplausn : HDMI-PC

Hamur sem styður HDMI-PC

Upplausn	Lárétt tíðni (kHz)	Lóðrétt tíðni (Hz)
640 × 350	31.46	70.09
720 × 400	31.46	70.08
640 × 480	31.46	59.94
800 × 600	37.87	60.31
1024 × 768	48.36	60
1152 × 864	54.34	60.05
1360 × 768 ³⁾	47.71	60.01
1280 × 1024 (Aðeins ULTRA HD, 8K gerðir)	63.98	60.02
1920 × 1080 (Aðeins Full HD, ULTRA HD, 8K gerðir)	67.5	60
1920 × 1080 (Aðeins ULTRA HD, 8K gerðir)	134.86	119.88
	135	120
2560 × 1440 ¹⁾ (Aðeins ULTRA HD 50/60 Hz gerðir)	88.78	59.95

2560 × 1440 ¹⁾ (Aðeins ULTRA HD 100/120 Hz, 8K 100/120 Hz gerðir)	182.99	119.99
3840 × 2160 (Aðeins ULTRA HD, 8K gerðir)	53.94	23.97
	54	24
	56.25	25
	67.43	29.97
	67.5	30
	112.5	50
	134.86	59.94
	135	60
3840 × 2160 ¹⁾ (Aðeins ULTRA HD 100/120 Hz, 8K gerðir)	225	100
	269.73	119.88
	270	120
4096 × 2160 (Aðeins ULTRA HD, 8K gerðir)	53.94	23.97
	54	24
	56.25	25
	67.43	29.97

67.5	30
112.5	50
134.86	59.94
135	60

4096 × 2160 ¹⁾ (Aðeins ULTRA HD 100/120 Hz, 8K gerðir)	225	100
	269.73	119.88
	270	120

7680 × 4320 ²⁾ (Aðeins 8K gerðir)	107.89	23.97
	108	24
	110	25
	131.87	29.97
	132	30
	220	50
	263.74	59.94
	264	60

1) Þjónustað þegar **HDMI Deep Color** er stillt á **4K**.

2) Þjónustað þegar **HDMI Deep Color** er stillt á **8K**.

3) Þjónustað þegar **HDMI Deep Color** er stillt á **Slökkt**.

- Stutt HDMI-PC tengi er mismunandi eftir tegund. Skoðið leiðarvísinn sem kemur með vörunni.

Leyfisupplýsingar

Leyfisupplýsingar

Studd leyfi gætu verið mismunandi eftir tegund.

Dolby

Framleitt með leyfi hjá Dolby Laboratories. Dolby, Dolby Vision, Dolby Vision IQ, Dolby Audio, Dolby Atmos, og double-D merki eru vörumerki frá Dolby Laboratories.

HDMI

Hugtökin HDMI og HDMI High-Definition Multimedia Interface, og HDMI Logo eru vörumerki og skráð vörumerki hjá HDMI Licensing Administrator, Inc. í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

Bluetooth

The Bluetooth® word mark and logos are registered trademarks owned by the Bluetooth SIG, Inc. and any use of such marks by LG Electronics Inc. is under license. Other trademarks and trade names are those of their respective owners.

Quickset

QUICKSET®

HEVC

HEVC Advance™
Covered by patents at patentlist.accessadvance.com

LG TV Content Policy

LG TV Content Policy

Efnisstefnunni gæti verið breytt í samræmi við stefnu um þjónustuveitingu. Nýjustu upplýsingar má finna á vefsíðunni <http://www.lg.com/tv-contents-policy>.

Home

- Apps on launcher bar are arranged in accordance with the yearly app usage (no. of app access) among LG Smart TV users by country. The arrangement can be customized as the way user wants.
- Once cursor is focused on a certain app, recommended content list of the service appears above the launcher. Since the recommendation logic related the app is made by each content provider, LG neither knows the detailed logic nor has control of it.

Channel List

- The order of display in the channel list of Live Menu is displayed according to the broadcasting standard without any arbitrarily modified or changed part by LG Electronics.

Search and Recommendation

- Content search results are provided based on an algorithm that optimizes to the user's intention and finds the most accurate matching information. (Remote control, voice search, etc.)
- LG provides a few more derivative recommended content list with content information such as genre, cast, director, etc. based on most watched by all Smart TV users by country and recently released content list in last 30 days.
- Recommended content list is updated every day.

Live Menu

- Recommendations on the Live Menu Recommended page are provided 'you may like' category and 'popular programs' category.
- 'you may like' category based on viewing history recommends programs that is similar to the information (title, genre, description, cast, director and etc.) of the programs that the user watched before.
- 'popular programs' category recommends the programs that all LG Smart TV users per country watch the most at that time in order of viewing ratings. Information for viewing history and ratings is collected only by agreed users.

LG Content Store

- At the entry page of LG Content Store, LG provides three kinds of app category.
 - 'Newly updated apps' is composed of newly launched and recently updated apps. The list is updated every day.
 - 'Most Popular apps' is composed of most downloaded and best rated apps in 30 days by LG Smart TV users by country. Apps on launcher and Premium area are not included in this list. The order is randomly changed within Top 50 for each entry. Top 50 app list is also updated every day.
 - Apps on Premium area are arranged in accordance with the yearly app usage (no. of app access) among LG Smart TV users by country. No. of apps may vary from 7 to 20 by each year's platform and the arrangement cannot be customized.
- At the All Apps page, apps are arranged by alphabetical order in each category. (except Newly updated and Most popular)

Magic Link

- Recommendations on the Magic Link page recommends content such as YouTube, channels and additional information that is similar to the information (title, genre, description, cast, director and etc.) of the programs that the user is watching currently.